

Fundur haldin í hreppsnefnd Tjörneshrepps 19. ágúst 2024, klukkan 17:00 í Sólvangi.

Allir aðalmenn eru mættir. Oddviti setur fund og stjórnar honum.

1. Erindi frá FSSP.
Styrkbeiðni vegna árshátíðar félags sauðfjárbænda í S-Þing.
Hreppsnefnd samþykkir að veita 25.000 krónu styrk.
2. Sala á Tungulendingu.
Ákveða verður hvort að Tjörneshreppur nýti forkaupsrétt á Tungulendingu.
Hreppsnefnd Tjörneshrepps mun ekki nýta forkaupsréttinn.
3. Hlutafjárútgáfa í Greiðri leið.
Hreppsnefnd Tjörneshrepps mun ekki nýta þetta boð að þessu sinni.
4. Nýtt samkomulag um nýtt hjúkrunarheimili á Húsavík.
Nýtt samkomulag um hjúkrunarheimili var samþykkt í tölvupósti fyrr á árinu.
Samkomulagið er því samþykkt.
5. Erindi frá Markaðsstofu Norðurlands varðandi millilandaflug til Akureyrar.
Hreppsnefnd telur sviðsmynd tvö heppilegasta og felur oddvita að svara erindinu.
6. Erindi frá Innviðaráðuneytinu.
Lagt fram til kynningar.
7. Sorphirða við Sólvang.
Hreppsnefnd felur húsverði og oddvita að finna lausn og framkvæma hana.
8. Dróni.
Oddvita er falið að skoða drónakaup vegna fjárleitar.

Fleira ekki gert, fundi slitið 18:30.

Katý Bjarnadóttir
Aðalsteinn J. Halldórsson
Sveinn Egilsson
Jón Gunnarsson
Smári Káráson